

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, tjaldsvæði að Hnjóti og á Melanesi - frístundabyggð í landi Dufansdals-Efri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Landbúnaðarsvæði að Hnjóti 1,2 ha að stærð breytist í opið svæði til sérstakra nota (Ú4) þar sem gert er ráð fyrir tjaldsvæði.
2. Landbúnaðarsvæði á Melanesi 1,0 ha að stærð breytist í svæði til sérstakra nota (Ú5) þar sem gert er ráð fyrir tjaldsvæði.
3. Landbúnaðarsvæði í landi Dufansdals-Efri 27,5 ha að stærð (F6) breytist í frístundabyggðasvæði þar sem gert er ráð fyrir 9 lóðum. Aðkoma verður frá þjóðvegi 63 um heimkeyrslu að Dufansdal-Efri.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. júní 2010.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.